# MMF H15

Fræði sjónmenningar - Miðlun, verkefni 4

Eftir Sigurlaugu Kristmannsdóttur



Það er jólafjör alla helgina frá 13-17
Þegar jólin nálgast förum við á flug! Það er jólafjör í hverjum kima hjá okkur um helgina – jólasveinamyndataka, kynningar og að sjálfsögðu full verslun af fallegum vörum hvort sem þú ert að leita að lítilli gjöf eða ætlar að endurnýja á heimilinu fyrir jólin. Svo býður þín veisla á Veitingastaðnum og nýja kaffihúsinu með ljúffengum veitingum.
Við hlökkum til að sjá þig!
IKEA jóla-glöggið er engu líkt. Prófaðu!
Komdu og smakkaðu ómótstæðilegar, nýbakaðar smákökur
Sjáðu hvernig við skreytum piparkökuhús
Lærðu réttu handtökin við aðventukransa-gerðina hjá Kristjáni Inga Jónssyni blómaskreyti
Komdu í ókeypis myndatöku með jólasveininum
OPNUNARTILBOÐ
395,-
Belgísk vaffla
með nutella og rjóma
1.295,-
Hátíðarkalkúnn
og meðlæti.
Barnaskammtur fyrir 12 ára og yngri 495,-
1.395,-
Hangikjöt á beini
og meðlæti
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is

# *Það er jólafjör alla helgina frá 13-17*

- Jólin nálgast, komið og takið þátt!

























Við hlökkum til að sjá þig!

# Tákn, táknmynd og táknmið

- Orðið ***jól*** er táknmynd sem allir þekkja og það vísar í hugum flestra til notalegra samverustunda með fjölskyldunni
- Til að þær samverustundir verði eins og til er ætlast, þá þarf að undirbúa jólin vel og vandlega í samræmi við jólahefðir og þessi auglýsing höfðar til þess



# Tákn, táknmynd og táknmið




- ***Lítil stúlka með eftirvæntingu í augum*** er táknmynd
- Þessi mynd fer beint inn í hugskot okkar og minnir okkur á þá sem við ætlum að gleðja um jólin
- Hún minnir okkur líka á það barn sem við einu sinni vorum og hvað við vorum spennt að bíða eftir jólunum

# Undirbúningur jólanna




- Barnið á myndinni er með úfið hár, því jólin eru ekki gengin í garð ennþá en undirbúningurinn er í fullum gangi
- Litirnir eru dökkir en á andlit barnsins fellur ljós sem dregur athygli okkar að eftirvæntingarfullum augum þess
- Við hlið barnsins blasa við okkur ýmsar freistingar sem við könnumst öll við – þær standa okkur til boða ef við aðeins komum í heimsókn og tökum þátt í jólafjörinu

# Hroðvirknislega unnin auglýsing




- Reynt er að koma miklum upplýsingum á framfæri á eins lítið pláss og hægt er
- Smáyndunum er skellt næstum því handahófskennt á myndflötinn við hlið barnsins og textinn undir myndunum er næstum viðvaningslega orðaður
- Leturbreytingar eru handahófskenndar og á sumum stöðum fellur texti ofan í mynd og verður við það illlæsilegur, einnig hvít letur á hvítum bakgrunni
- Litavalið lokkar ekki augað

# Ódýr auglýsing – viljandi?

- Auglýsingin hefur yfir sér eitthvað ódýrt yfirbragð og virðist ekki vera mikið í hana lagt
- En kannski er þetta viljandi gert og á að vísa til þess í hugum okkar að það sem fæst í þessari verslun sé ódýrt og á færi okkar allra að kaupa?
- Verslunin vill kannski segja að þar á bæ sé ekki eytt í dýrar auglýsingar, ekki frekar en í dýrar umbúðir utan um vörurnar þeirra?
- Það sem máli skipti sé að innihaldið komist óbrenglað frá verslun til viðskiptavina, hvort sem um ræðir vörur eða efni auglýsinga?